

**From:** Gústav Aron Gústavsson <[gustav.a.gustavsson@irn.is](mailto:gustav.a.gustavsson@irn.is)>  
**Sent:** mánudagur, 6. nóvember 2023 11:51  
**To:** Sigurjón Örn Lárusson <[sigurjon@vestmannaeyjar.is](mailto:sigurjon@vestmannaeyjar.is)>  
**Subject:** RE: Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

Sæll Sigurjón

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) fjallaði á fundi sínum þann 2. nóv sl. um erindi frá Vestmannaeyjabæ sem barst í tölvupósti þann 31. október sl. Þar er óskað eftir því bréf frá EFS sem sent var þann 13. október 2023 verði afturkallað eða að eftirfarandi setning verði felld út úr bréfinu:

*„ Þrátt fyrir bráðbirgðaákvæði VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 þar sem sveitarstjórn er heimilt að víkja frá skilyrðum um jafnvægisreglu og skuldareglu út árið 2025 vill EFS benda sveitarstjórn á að árið 2026 þarf að uppfylla framangreind skilyrði.“*

Eftir umræðu nefndarinnar vill EFS koma á framfæri að umrædd setning er almenns eðlis og var í öllum bréfum sem EFS sendi til sveitarfélaga þann 13. október, en þau voru samtals 33 talsins. Einungis er verið að benda á þá staðreynd að heimilt sé að víkja frá fjármálareglum út árið 2025 en á árinu 2026 eigi sveitarfélög að uppfylla skilyrði fjármálareglna. Það er í samræmi við hlutverk EFS að benda kjörnum fulltrúum sveitarfélaga á þetta, alveg óháð því hvort tiltekið sveitarfélag sé að uppfylla skilyrðin fyrir árið 2022. Mikilvægt er að allir sveitarstjórnarfulltrúar séu meðvituð um að standast þurfi jafnvægis- og skuldaregluna árið 2026. Ekki er hægt að draga þá ályktun á umræddri setningu að sveitarfélagið sé ekki að uppfylla fjármálreglurnar ef þær væru í gildi eða að það stefni í að sveitarfélagið muni ekki uppfylla reglurnar árið 2026.

Bréfið fjallar um lágmarksviðmið EFS en ekki jafnvægis- og skuldaregluna og Vestmannaeyjabær er ekki að uppfylla viðmið um framlegð frá rekstri og var með neikvæða rekstrarniðurstöðu. Á því geta verið ýmsar skýringar sem EFS er ekki að óska eftir en mikilvægt er fyrir bæjarstjórn að fara yfir. Ekki var um að ræða heildstæða úttekt á fjármálum sveitarfélagsins.

Í ljósi ofangreinda atriða þá telur EFS hvorki ekki ástæðu til þess að afturkalla bréfið né að fella út umrædda setningu.

Kveðja,  
Gústav Aron



**Gústav Aron Gústavsson, sérfræðingur / Special Adviser**

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Regional Affairs  
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure  
Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 8200  
<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing